

Skólaráð Naustaskóla

3. fundur ársins 2011 þann 16. mars kl. 8:10

Mættir:

Skólastjórnendur: Ágúst Jakobsson, Bryndís Björnsdóttir

Fulltrúar foreldra og grenndarsamfélags: Vaka Óttarsdóttir

Fulltrúar starfsmanna: Heimir Örn Árnason, Brynja Dögg Hermannsdóttir, Gyða B. Aradóttir

Fulltrúar nemenda: Hrannar Þór Rósarsson, Tumi Hrafn Kúld.

Dagskrá og afgreiðslur:

- 1. Móttaka nýrra nemenda.** Fjallað um drög að móttökuáætlun, þau höfðu verið send út í fundarboði. Fram kom ábending um að gott væri að setja inn sem lið í áætlunina að fyrir hvern nýjan nemanda sem kemur inn verði tilnefndur "tengiliður" meðal nemenda sem m.a. sýni skólann og verði til halds og trausts fyrstu dagana. Einnig kom fram hugmynd um að taka stutt viðtöl við nokkra nýja nemendur (á mismunandi aldri) sem byrjað hafa í skólanum til að fá fram hugmyndir að því sem betur mætti fara. Deildarstjóra falið að taka viðtölin og uppfæra áætlunina í samræmi við umræður.
- 2. Niðurstöður starfsmannasamtala við kennara og þjálfara.** Helstu niðurstöður hafa verið kynntar starfsmönnum og voru sendar út í fundarboði. Tekið aftur upp á næsta fundi ásamt niðurstöðum samtala við aðra starfsmenn, liður í mati á skólastarfinu.
- 3. Fundaáætlanir.** Kynnt að sett hefur verið fram áætlun um viðfangsefni kennarafunda, deildafunda og teymisfunda fram á vorið. Velt upp þeirri hugmynd hvort gott geti verið að gera samsvarandi áætlun fyrir skólaráð. Skólastjóri mun lista upp helstu viðfangsefni skólaráðs fyrir næsta fund og verður þá unnið að því að raða þeim niður á mánuði og búa þannig til eins konar starfsáætlun fyrir skólaráð.
- 4. Skóladagatal 2011-2012.** Á fundi hjá Foreldrafélaginu í gær komu fram ábendingar varðandi skóladagatal sem fulltrúi foreldra kom á framfæri. Má þar telja að viðtöl í skólabyrjun nýtist ekki sem skyldi nema þá helst hjá 1. bekk og öðrum nýnemum, að betra væri að hafa viðtalsdaga í október þegar skólastarf hefur komist af stað. Engu að síður væri hægt að bjóða upp á viðtöl í skólabyrjun fyrir þá sem þess óska. Morgunfundir foreldra verði hins vegar á fyrstu dögum. Hugmynd um að viðtalsdagur sem settur var á 11. apríl verði snemma í mars. Almennt er talið að gott sé að halda viðtölum í byrjun janúar. Dagatalið fer fyrir kennarafund á morgun og verður svo unnið áfram.
- 5. Skorkort.** Enn er verið að vinna úr athugasemdum frá vinnufundi skólaráðs um daginn, skólastjóri boðar til annars vinnufundar innan skamms.
- 6. Næsti vetur.** Ekki eru öll kurl komin til grafar varðandi nemendatölur fyrir næsta vetur og því liggur úthlutun kennslumagns ekki fyrir enn sem komið er. Á næstu dögum fara stjórnendur að leggja drög að skipan teyma o.þ.h. fyrir næsta vetur. Stefnt að því að ræða þau mál og leggja drög að ráðningamálum á næsta fundi.

7. Önnur mál.

- a. **Mötuneytismál.** Fram kom m.a. að bærinn er að skoða útboð og samræmingu á matseðlum. Óljóst hvað kemur út úr því. Ljóst er að breytingar verða á starfsmannamálum í eldhúsinu fyrir næsta vetur. Athugasemd er gerð við að það skuli vera spónamatur tvisvar í viku, sérstaklega þykir óheppilegt að það sé á þriðjudögum þegar það er langur dagur með íþróttum hjá eldri nemendum. Fulltrúar ítrekuðu ósk um að fá fund með matráði og / eða stjórnenda leikskólans. Þá komu upp hugrenningar um hafragraut að morgni. Ákveðið að kanna áhuga nemenda á því máli í spurningakönnun sem lögð verður fyrir innan skamms.
- b. **Umræður um hátíðahöld í skólanum.** Rætt um hlutverk hátíðahalda í skólastarfinu, m.a. það markmið að nemendur þjálfist í að koma fram, sem er mikilvægt. Einnig rætt um hlut samverustunda í því.
- c. **Hugmynd um "örnámskeiðsdag".** Fram hefur komið hugmynd hjá Foreldrafélaginu um að efna til "örnámskeiðsdags" á frídegi þar sem foreldrar myndu láta ljós sitt skína á hinum ýmsu sviðum. Afar spennandi hugmynd.
- d. **Hlutverk eldri nemenda í gæslu á skólalóð.** Rætt hvort mögulegt sé að virkja elstu nemendur skólans í gæslu með þeim yngri. Verður tekið upp á bekkjarfundi með elstu nemendunum.
- e. **Ósk um umræðu á næsta fundi.** Fulltrúi foreldra óskaði eftir umræðu á næsta fundi um kennslu ýmissa greina s.s. upplýsingatækni, ensku, útikennslu, tjáningu o.fl.

Næsti reglulegi fundur áformaður miðvikudaginn 13. apríl, hugsanlega boðað til vinnufundar áður en að honum kemur.

Fleira ekki tekið fyrir,
Ágúst Jakobsson ritaði fundargerð